

Samband íslenskra sjóminjasafna
Fornbátaskrá – skýrsla nr. 7

Bátaskrá Sjómannagarðsins á Hellissandi



Ágúst Ólafur Georgsson

2019

Efnisyfirlit

Bliki	1
Ólafur Skagfjörð	6
Röst SH 29	11

Inngangur

Í Sjómannagarðinum á Hellissandi eru varðveittir þrjú bátar og njóta tveir þeirra friðunar vegna aldurs. Þetta eru súðbyrðingarnir Bliki og Ólafur Skagfjörð og er sá fyrrnefndi í eigu Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla en hinn er í eigu sjómannadagsráðs Hellissands. Þá er nýkominn til Sjómannagarðsins Röst SH 29, súðbyrtur vélbátur.

Bliki



Bliki á sýningu í Sjómannagarðinum á Hellissandi 2018. Ljós. Ágúst Ólafur Georgsson.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

EKKI er vitað um skipaskrárnúmer. Safnnúmer SGH 1.

2. Tegund

Árabátur; áttæringur; vélbátur.

3. Hlutverk

Fiskibátur.

4. Eigandi

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Báturinn hefur alltaf heitið Bliki.

Umdæmisnúmer vantar.

Eigandi frá 1826/1850-?: Jón Jónsson, bóndi í Akureyjum í Helgafellssveit á Snæfellsnesi. Ekki er kunnugt um hve Bliki var lengi í hans eigu.

Eigandi frá ?-1907: Sigmundur Guðbrandsson í Akureyjum. Ekki er vitað hvenær hann eignaðist bátinn.

Eigandi 1907-1921: Eliníus Jónsson, Ólafsvík, tengdasonur Sigmundar.

Eigandi 1921-1939: Jón Sigmundsson, Hjallasandi, mágur Eliníusar.

Eigandi 1939-? Kristjón Jónsson, Hjallasandi, sonur fyrri eiganda. Ekki er vitað hvenær Byggðasafnið eignaðist bátinn.

6. Varðveislustaður

Sjómannagarðurinn Hellissandi.

7. Smíðaár (aldur)

Nokkur óvissa ríkir um aldur Blika en hann er í síðasta lagi smíðaður 1850, hugsanlega 1826.

8. Hönnuður / yfirmsmiður

Sæmundur Sigurðsson skipasmiður frá Geitareyjum á Breiðafirði.

9. Skipasmíðastöð / smíðastaður

Geitareyjar?

10. Brúttórúmlestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

8,45 x 2,06 x 0,74 m.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks

Viður, súðbyrðingur; litur - sjá myndir.

13. Skrokklag

Breiðfirskt bátalag.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Eitt mastur; gaffalsegl; fjórar árar.

18. Vél

Vél var sett í Blika á einhverjum tímapunkti en var tekin úr þegar gert var við hann 1978.

19. Siglingatæki og annar búnaður

Í bátnum liggja nokkrir gripir sem notaðir voru við fiskveiðar á árabátum en þeir tengjast ekki sögu Blika sérstaklega, svo sem áttaviti; austurtrog; blöndukútur og ýlir.

20. Notkunarsaga

Bliki var smíðaður fyrir Jón Jónsson bónda í Akureyjum í Helgafellssveit og hefur þá verið notaður til fiskveiða og annarra verkefna eins og tíðkaðist í Breiðafjarðareyjum. Blika var róið

frá Ólafsvík 1907-1921 en eftir það frá Hjallasandi, síðast 1965. Ekki liggur fyrir hvenær Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla eignaðist bátinn en það hefur verið eftir 1965.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengdir bátnum

Akureyjar í Helgafellssveit; Hellissandur; Ólafsvík.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Blika var breytt í vélbát á sínum tíma en vélin var fjarlægð úr honum þegar hann var tekinn til viðgerðar 1978. Þá endurheimti hann sitt gamla útlit með skut og stýri árabáts.

24. Viðhald og viðgerðir

Skipt var um öll bönd 1907. Sumarið eftir var allur byrðingurinn smíðaður upp svo og stefni og kjölur. Báturinn var látinn halda sínu upphaflega lagi. Gert við bátinn á Akranesi 1978.

25. Varðveislustaða

Friðun vegna aldurs; skráður safngripur.

26. Almenn umsögn

Bliki er meðal elstu báta á landinu og einn fárra súðbyrðinga sem varðveist hafa á Snæfellsnesi og hefur því mikið sögulegt gildi. Góðar heimildir eru til um sögu hans.

27. Heimildir

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla, SGH-1.

<http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=198541>.

Jens Hermannsson, *Breiðfirskir sjómenn I*. ([Hafnarfirði]: Skuggsjá, 1976, önnur útgáfa), bls. 7 og 172-175.

Lúðvík Kristjánsson; *Íslenzkir sjávarhættir II*. (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs), 1982, bls. 308-310. – Smíðateikning af Blika er á bls. 310-311.

Þjóðminjasafn Íslands, ljósmyndir, Skg-1889.

<http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=756375>.

Þjóðminjasafn Íslands, ljósmyndir, Skg-4072.

<http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=664721>.



Bliki á Hellissandi 1969. Ljós. Þjóðminjasafn Íslands, Skg-1889.



Bliki í viðgerð á Akranesi 1978. Hér sést greinilega að báturinn var með afturstefni fyrir vélbát. Ljós. Þjóðminjasafn Íslands, Skg-4072.



Horft aftur eftir bátnum (2018). Ljós. Ágúst Ólafur Georgsson.

Ólafur Skagfjörð



Ólafur Skagfjörð. Ljós. Þórhallur Sófusson Gjöveraa.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

2. Tegund

Árabátur; súðbyrðingur, áttæringur.

3. Hlutverk

Fiskibátur.

4. Eigandi

Sjómannadagsráð Hellissands.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Fyrsti eigandi var Sigurður Jónsson formaður í Bjarneyjum á Breiðafirði (Sigurður „stormur“).

Annar eigandi var Pétur Guðmundsson (1886-1965) frá Brennu á Hellissandi.

Eigandi 1943-1962: Haraldur Guðmundsson Hellissandi (1899-1962).

Um 1970 gáfu afkomendur Haraldar Sjómannadagsráði Hellissands bátinn.

6. Varðveislustaður

Sjómannagarðurinn á Hellissandi.

7. Smíðaár

1885-1880.

8. Hönnuður / yfirmsmiður: [Bergsveinn Ólafsson](#)

9. Skipasmíðastöð / smíðastaður

[BjarneyjarFlatey](#) á Breiðafirði.

10. Brúttórúmllestir

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

7,5 x 2,19 x 0,99 m.

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks

Viður; súðbyrðingur. Litur, sjá myndir.

13. Skrokklag

Breiðfirskt bátalag.

14. Þilfar

15. Yfirbygging

16. Neðan þilja

Ekkert lokað rými en var áður með vélarhúsi.

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Eitt mastur.

18. Vél

Ólafi Skagfjörð var breytt í vélbát 1925, Redwing 2 cyl., á sínum tíma en engin vél er í honum núna.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Ólafur Skagfjörð var notaður sem fiskibátur alla tíð, fyrst frá Bjarneyjum á Breiðafirði en seinna frá Hellissandi. Hann var smíðaður fyrir Sigurð „storm“ Jónsson formann í Bjarneyjum eftir að bátur hans hafði brotnað og eyðilagst í ís. Efnt var til samskota til að fjármagna smíðina þar sem Sigurður hafði ekki efni á nýjum báti. Ólafur Kristjánsson Skagfjörð (1851-1897) verslunarstjóri í Flatey, stóð fyrir samskotunum. Í þakklætisskyni skírði Sigurður bátinn eftir Ólafi. Sigurði aflaðist ekki vel á bátinn og seldi hann Pétri Guðmundssyni frá Brennu á Hellissandi. Pétri fiskaðist jafnan vel á bátinn. Hann lenti í miklum hremmingum á honum veturinn 1911 en náði að lokum landi í Skarðsvík á Snæfellsnesi. Pétur seldi Haraldi Guðmundssyni á Hellissandi bátinn þegar hann flutti til Reykjavíkur 1943. Haraldur reri á bátinum fram á sjöunda áratug tuttugustu aldar en nokkrum árum eftir andlát hans var báturinn látinn á Sjómannagarðinn á Hellissandi.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengdir bátnum

Hellissandur, Flatey á Breiðafirði.

22. Ástand báts

Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Báturinn var hækkaður um eitt borð þegar hann fékk vél. Skipt var um afturstefni um 1970.

Stefni fyrir vélbát hefur verið tekið úr og afturstefni fyrir árabát sett í staðinn.

24. Viðhald og viðgerðir

Báturinn er í viðgerð hjá Hafliða Aðalsteinssyni skipasmið í Reykjavík 2018.

25. Varðveislustaða

Friðun vegan aldurs. Sýningargripur.

26. Almenn umsögn

Ólafur Skagfjörð er einn fárra árabáta sem varðveist hafa á Snæfellsnesi og hefur þess vegna mikið sögulegt gildi, en þaðan var gríðarleg útgerð opinna báta allt frá því á miðöldum og nokkuð fram yfir aldamótin 1900. Góðar heimildir eru til um sögu bátsins.

27. Heimildir

Bergsveinn Breiðfjörð, „Haraldur Guðmundsson. Minning“, *Morgunblaðið* 14. ágúst 1962, bls. 17.

Jens Hermannsson, *Breiðfirskir sjómenn I.* ([Hafnarfirði]: Skuggsjá, 1976, önnur útgáfa), bls. 130-133 og 174.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis,

https://www.gardur.is/einstakl.php?action=leita&nafn_id=68162&sumarblom_help=&umhirdu_beidni_help=

https://www.gardur.is/einstakl.php?action=leita&nafn_id=159225&sumarblom_help=&umhirdu_beidni_help=

https://www.gardur.is/einstakl.php?action=leita&nafn_id=259256&sumarblom_help=&umhirdu_beidni_help=

„70 ára, Pétur Guðmundsson,“ *Morgunblaðið* 3. október 1956, bls. 2 og 15.

Sæmundur Kristjánsson Rifi, munnlegar upplýsingar 26. mars 2018.

Sjóminjar Íslands, <http://www.sjominjar.is/sjominjasofn/sjominjasafnid-i-sjominjagardinum-a-hellissandi/>



Horft fram eftir bátnum. Ljósmynd: Þórhallur Sófusson Gjöveraa.



Framstefni. Ljós. Þórhallur Sófusson Gjöveraa.



Skutur. Ljós. Þórhallur Sófusson Gjöveraa.

Röst SH 29



Röst SH 29 við Sjómannagarðinn á Hellissandi 2018. Ljós. Ágúst Ólafur Georgsson.

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer

5315; ekkert safnnúmer.

2. Tegund

Vélbátur.

3. Hlutverk

Fiskibátur.

4. Eigandi

Sjómannagarðurinn Hellissandi.

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur

Engin fyrri nöfn.

Eigendur 1971-1995: Björn Þór Ólafsson, Ólafur Stefánsson og Sigmundur Agnarson.

Umdæmisnúmer ÓF 9.

Eigandi 1995-2018: Viðar Páll Hafsteinsson, Ólafsvík. Báturinn var skráður á Rifi 1997 og fékk þá umdæmisnúmerið SH 29.

2018: Sjómannagarðurinn á Hellissandi eignast bátinn.

6. Varðveislustaður

Sjómannagarðurinn á Hellissandi.

7. Smíðaár

1971

8. Hönnuður / yfirmsiður:

Birgir Þórhallsson.

9. Skipasmíðastöð / smíðastaður

Akureyri.

10. Brúttórúmlestir

5,38 m.

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt

Lengd 9,14 m.

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks

Viður; súðbyrðingur; litur – sjá myndir.

13. Skrokklag

14. Þilfar

Báturinn var þiljaður, a.m.k. að hluta til.

15. Yfirbygging

Röst var upphaflega með stýrishúsi að aftan og lúkarskappa að framan en var seinna breytt í frambyggðan bát.

16. Neðan þilja

Lítill lúkar og lestartými.

17. Möstur, seglabúnaður og árar

Röst var upphaflega með tvö möstur en aðeins eitt mjög lítið á stýrishúsi eftir að hún varð frambyggð. Núna er hún með eitt mastur sem er aðskotahlutur.

18. Vél

Röst var með 40 ha. Perkins vél en seinna var sett í hana 30 ha. Sabb vél sem var í bátnum þegar honum var lagt. Vélin hefur nú verið fjarlægð úr honum.

19. Siglingatæki og annar búnaður

20. Notkunarsaga

Báturinn gekk til handfæra- og grásleppuveiða frá Ólafsfirði 1971-1995 og á handfæri og línu frá Rífi 1995-1998 en eftir það var notkun hætt. Röst hefur verið tekin af skipaskrá.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengdir bátnum

Ólafsfjörður, Ríf.

22. Ástand báts

Sæmilegt.

23. Upprunaleiki – breytingasaga

Mastrið sem nú er í bátnum sýnist vera aðskotahlutur og hefur verið sett í eftir að hann kom á Sjómannagarðinn. Upphaflega var báturinn með stýrishúsi að aftan, lúkar, tveimur möstrum og þiljaður að hluta. Árið 1996 var honum breytt, fengið hús af öðrum báti sem hét Búi EA frá Dalvík og búið var að afskrá, og eftir það var Röst frambyggð og alþiljuð. Nokkrum árum síðar stóð til að endurbyggja bátinn og var þá allt rífið ofan og innan úr honum. Þau áform dögudu uppi vegna kostnaðar og tímaleysis og stóð báturinn þannig í mörg ár og var byrjaður að skemmast. Ákveðið var að afhenda Sjómannagarðinum hann til varðveislu og sýningar árið 2018 í því ástandi sem hann er.

24. Viðhald og viðgerðir

25. Varðveislustaða

Sýningargripur.

26. Almenn umsögn

Tæplega 50 ára gamall súðbyrtur vélbátur, fiskibátur, sem allt hefur verið hreinsað úr þannig að aðeins strípaður skrokkurinn stendur eftir. Skrokkurinn er í þokkalegu standi og virðist fremur lítið farinn að fúna. Nokkrar heimildir eru til um sögu bátsins.

27. Heimildir

Jón Björnsson, *Íslensk skip, bátar*, 2. (Reykjavík: Iðunn, 1999), bls. 266.

Samgöngustofa, uppfletting í skipaskrá, <https://www.samgongustofa.is/siglingar/skrar-og-utgafa/skipaskra/uppfletting?sq=5315>. Skoðað 30. júlí 2018.

Tölvupóstur frá Hafsteini Björnssyni, Háarífi 61, Hellissandi, 28. ágúst 2018.



Horft fram eftir bátnum. Ljós. Ágúst Ólafur Georgsson.



Horft aftur eftir bátnum. Ljós. Ágúst Ólafur Georgsson.



Röst SH 29. Ljós. Ágúst Ólafur Georgsson



Röstin í afskveringu á Rifi eftir að hún var keypt þangað 1995. Ljós: Hafsteinn Björnsson.



Röstin eftir að henni hafði verið breytt í frambyggðan vélbát. Ljós: Hafsteinn Björnsson.